

**Staðfesting forsetans** á skipulagsskrá fyrir „Verðlaunasjóð dr. juris Einars Arnórssonar“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 24. marz 1953.

Skipulagsskráin er þannig:

**Skipulagsskrá  
fyrir Verðlaunasjóð dr. juris Einars Arnórssonar.**

1. gr.

Sjóðurinn heitir Verðlaunasjóður dr. juris Einars Arnórssonar.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er 20.000 kr. gjöf dr. juris Einars Arnórssonar, gefin á 40 ára afmæli Háskóla Íslands.

3. gr.

Sjóðurinn er eign Háskóla Íslands og lýtur stjórn háskólaráðs, er sjá skal um að eignir sjóðsins séu jafnan varðveittar tryggilega og ávaxtaðar með sem hagkvæmustum hætti. Reikninga sjóðsins skal birta árlega í Árbók háskólans.

4. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða og skal jafnan leggja við hann fimmtung árstekna hans. Fjórum fimmtungum teknanna má verja til verðlauna kandidötum fyrir afburða vel leyst skrifleg verkefni við próf í lagadeild, íslenskum fræðum eða íslenskri kirkjusögu.

5. gr.

Telji kennarar og prófdómendur í einhverri þeirri prófgrein, sem getur í 4. gr., kandidat hafa leyst skriflegt prófverkefni svo vel af hendi, að hann sé maklegur þess að hljóta verðlaun úr sjóðnum fyrir úrlausn sína, skulu þeir senda háskólaráði 24. marz tillögu sína um verðlaun honum til handa og veitir háskólaráð þá verðlaunin samkvæmt tillögu þeirra.

6. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.